



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Ab. 40 Fskj
28. JAN. 2014
Ml. 8.11.3
FJ:R 13020089

Fjármála- og efnahagsráðuneytið,
bt. Guðrúnar Ögmundsdóttur,
Arnarhváll,
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar 2014
Tilv.: 1312013

Vísað er til bréfs yðar, dags. 4. desember sl., með ósk um staðfestingu Samkeppniseftirlitsins á samkeppnismati vegna beiðni um heimild fyrir ríkislögreglustjóra til að taka þátt í útboðum og innkaupum með norrænum lögregluyfirvöldum.

Í bréfi yðar er nánar tiltekið óskað eftir staðfestingu Samkeppniseftirlitsins á samkeppnismati ríkislögreglustjóra, sbr. 18. gr. a laga nr. 84/2007, opinberu innkaupalaganna. Með bréfinu fylgir grelnargerð Ríkiskaupa, dags. 20. nóvember 2013, vegna innkaupa á sérþúnaði fyrir lögregluna. Þá fylgja með önnur gögn, þar með talið grelnargerð frá ríkislögreglustjóra, dags. 26. nóvember 2012, með rökstuðningi fyrir beiðninni.

Samkeppniseftirlitið skilur framangreint ákvæði laga nr. 84/2007 svo, að almennt þurfi að leggja samkeppnismat fyrir Samkeppniseftirlitið vegna hvers einstaks útboðs sem fyrirhugað er á grundveilli lagagreinarinnar.

Af samkeppnismatinu má ráða að um er að ræða innkaup á sérhæfðum lögregluthúnaði. Íslenska ríkið teljist vera mjög lítil kaupandi að sérhæfðum lögregluyvörum og hafi innkaup sem hér um ræðir numið um 5 - 15 milljónum kr. árlega á undanförunum árum. Öðrum kaupendum sé vart til að dreifa á þessum markaði héraðs. Þá háttli svo til að útboð á Evrópska efnahagssvæðinu séu opin öllum hæfum bjóðendum, þar með talið innlendum aðilum.

Samkeppniseftirlitið staðfestir framlagt samkeppnismat.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið


Þorbergur Þórsson